

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3.100 lítra og minni	8.580
3.101 – 6.000 lítra	9.920
6.001 – 10.000 lítra	11.830

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 7.100 á rúmmetra við losun. Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 59.580 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 360 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 136,1 í desember 2017.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1284/2016.

Borgarnesi, 28. desember 2017.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.